Bréf og skjöl fátækramála 1905-1908

Aðfnr. 1017, örk 2

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fundur 26/10. 05.

veitt.

Hérmeð leyfi ég mér virðingarfyllst að fara þess á leit við Hina háttvirtu Fátækranefnd Reykjavíkur að hún vildi leyfa mér að vera næsta ár í húsi því sem fátækrasjóður á á Selslóð hér í bænum — og sem að ég hefi haft á leigu síðan í fyrra haust — gegn sömu mánaðarleigu n.l. 3 krónur.

Einnig vildi ég virðingarfyllst leyfa mér að mælast til að hin háttvirta fátækranefnd vildi hlutast til um að allra bráðnauðsynlegustu smá aðgjörðir á húsinu færi fram sem fyrst.

Reykjavík 7. Okt. 1905.
Virðingarfyllst
Jóhann Þorbjörnsson

Til
Fátækranefndar Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundur 14/12. 05.
Sv. Árna 15/12. 05.

— · —

Eg undirritaður Árni Jónsson á Isafirði leifi mér að fara þess á leit við háttvirta Bæjarstjórn Reykjavíkur kaupstaðar að geta fengið þar bæjarleifi næstkomandi ár, ástæðan mínar eru fremur góðar eg hefi 2 börn annað 5, hitt er 6 ára, og kona sem er hraust og vinnur vel fyrir sér á góðum aldur eins og eg, við erum skuldlaus, en eignir okkar eru litlar enn, eg hefi fleirum sinnum fært skip sem skipstjóri bæði eptir og áður en sjómannalögin nýju komu út, en þar sem eg ekki hefi Examen, þá vil eg ekki hætta á það að flytja mig óumtalað
eg skora því á yður háttvirta Bæjarstjórn, að láta mér í tje skriflega tilkinningu um ákvarðanir yðar í þessu máli

Virðingarfilst
Isafirði 1 Desember 1905
Árni Jónsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundur 14/12.05.
Skr.-Hannesi 15/12.05.

Hjer með Leyfi eg mjer virðing=
arfyllst að fara þess á Leyt við hina
Heyðruðu Fátækranefnd að hún vildi
svo vel gjöra og hjálpa mjer til að geta
feyngið keiptan bæ til frjálsrar íbúðar
þeg er sem allir ~~vita~~ þekkja fátækur maður
á 6 Börn og hef ekki annað að lifa af
en mína eina handafla hef orðið að
gjalda árlega bara í húsaleigu frá 50
uppí 70 krónur og þykir mjer það taka
nokkuð frá af heymilis þörfum.

Eg hef augastað á Bæ sem er í
Þingholtonum nefndur Andrésarbær
hann mun fást fyrir Hjer um bil um
1700 krónur þennan bæ óska eg að
Fátækranefndin vildi kaupa fyrir mig
En eg mætti svo borga nefndinni ár-
lega sem svarar húsaleigu eða meir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ástæðum meyra og minna uppí hann
Eg vona svo góðs til nefndarinnar að
hún synji mjer ekki um þessa bón
og lofi mjer að fá svar sem fyrst að
hægt er	Virðingarfyllst

Bergstaðastíg 34 - 28 November 1905

Hannes Hannesson

Til
Fátækranefndar Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

30/6 - 04. – 30 kr. fundur 14/12. '05.
skr. Jónasi 15/12. 05.

Þar sem jeg í full 7 ár hef haldið þurfalingin Rannveigu Sigurðardóttir, með mjög lágu meðlagi finnst mjer ekki sjerhlátt vera, að draga af mjer hálfs árs meðlag hennar Fermingarárið enda þótt það hafi verið gjört, þar jeg einsamann skypti fjekk upp í fermingarföt handa henni sem þá mun venja vera til, að það sje gjört að meira eða meira leiti, þykist jeg því hafa fullann rjett til að krefjast þess af bæjarsjóði, að mjer verði greitt úr honum það hálfs árs meðlag sem mig vant eða mjer er enn ógreitt nefl. fyrir árið 1904. Út af hjer greindum ástæðum vil jeg virðingarfyllst fara þess á leit við hina háttvirtu fátækranefnd Reykjavíkur að hún vildi hlutast til um að mjer verði greiddar úr bæjarsjóði þær 30 krónur sem eptirstanda mjer ógoldnar af meðlagi Rannveigar fyrir árið 1904. sem er fermingar ár hennar —
jeg, leer líka það traust til hennar háttvirtu fátækranefndar að hún synji mjer ekki um þessa kröfu mína, því hún hlýtur að viðurkenna sjerhlát, því barnninn hefur ekki farið svo fram á því síðasta misseri að það geti algjerlega unnið fyrir sjer enda er ekki ætlandist til þess.

pt. Reykjavík 25 novbr. 1905
Virðingarfyllst.

Jónas Sigurðsson
frá Vallnum
Kjalanesi

Til

Fátækranefndar Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundur 14/12. '05.
Smr. G. J. Ben. 15/12. '05.

Eg undirrituð bið hér með hina háttvirtu fátækranefnd í Reykjavík að veita mér styrk til þess að greiða húsaleigu, þrjár krónur á mánuði frá 14. maí síðastl., þar sem eg hefi eigi getað það af eigin ramleik vegna fátæktar og elliörbirgðar. Vil eg jafnframt láta þess getið, að eg hefi tekið stúlku með barni síðastliðið sumar, sem eg hefi haft fremur byrði af en hitt.

Reykjavík 12. des. 1905
Virðingarfyllst
Anna Sigríður Benediktsdóttir
frá Austurholti.

Til
fátækranefndarinnar í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Samþ. 28/12. '05.

Eg undirrituð bið hina hátt-virtu fátækranefnd í Reykjavík að veita mjer styrk til þess að greiða húsaleigu, þrjár krónur á mánuði frá 1. jan 1906., þar sem eg hefi ekki getað það af eigin ramleik vegna fátæktar og elli örbyrðar. Vil jeg jafnframt láta þess getið, að jeg hefi tekið stúlku með barni síðastliðið haust, sem er mjer fremur birði en hjálp.

Reykjavík 27. des. 1905

Virðingarfyllst
Anna Sigr. Benediktsdóttir
frá Austurholti

Ráðgerði. —

Til
fátækranefndarinnar í Rvík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þastrd.

Sandvr 14/9. 05.

15/9. 05. skr. bæjarfj. itarlega -
krafa frá Sandvíkurhrepp
viðurkenningar -

19/10-05. skr. bæjarfj. aptur -

Eg hjer undir ritud, dirfist hjer með að biðja hinn heiðraða herra fátækrastjóra í Reykjavík að hlutast til að stúlkubarn sem verið hefur hjá mjer í fóstri þetta yfir standandi sumar, yrði flutt fátækraflutning á sveit móður sinnar. Sandvíkurhrepp í Árnessýslu. Og er það ósk mín að það yrði gjört fyrir .14. þessa mánaðar: því foreldrar barnsins hafa ekki ráðstafað því nema fyrir útrunninn tíma. Móðirin er hjer verandi, en faðirinn sinn(ir) því ekki í þeirri grein. Barnið er á fyrsta ári og heitir Laufey. Arng. Ólafsdóttir. (Guðmundsson)

skr. bæjarfógi. 28/12.05. (að endurborgað sje). -

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og móðir er Guðríður Árnadóttir
og hafa báði verið vinnuhjú
á Árna Gíslasyni (Vesturlandspóst)
Mjer er með öllu ómögu legt
að halda barnið leingur en til
tekinn tíma, og heldur ekki
mögu legt að fara með það
Eg treysti hinni heiðruðu
fátækrastjórn, til að hjálpa
mjer í þessu efni.

6. september 1905 Barónsstíg 16.

með Virðingu. Pálína Helgadóttir

Til Fátækrastjórans í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

H. P. DUUS. Meðt. 9/11. eptir fund.

Reykjavík, þann 8. nóvbr 1905

Jeg leyfi mjer hjermeð að bjóða hinni háttvirtu fátækrastjórn Reykjavíkur nauðsynjavörur handa þurfamönnum bæjarins með eptirnefndum kjörum

Rúgmjöl	pr ℔	7. 50	a
Rúg	" "	7. –	"
Bankabygg	" "	9 (10) –	"
x Matbaunir	" "	13. –	"
Grjón stór	" "	12. –	"
do smærri		10. 50	"
Kaffi	" "	58. –	"
Kandís	" "	27. –	"
Melís	" "	27. –	"
Export	" "	44. –	"
x Rúgbrauð		44 (45) –	"
Smjör ísl	" "	70 – 75.	"
Margarine	" "	45 – 50	"
x Steinolía	" pt	14 (15)	"
Ofnkol	" skð	3, 30	

Reykjavík, 8. nóvbr 1905

Hans Petersen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

H. P. DUUS.

Reykjavík, þann 27. nóvember 1905

Í tilefni af heiðruðu brjefi yðar dags. 24. þ.m. um að fara niður verð á bankabyggi, rúgbrauðum og steinolíu á tilboði verzlunarinnar um vörur handa fátæklingum bæjarins, dags 9. þ. m., þá skal jeg hjermeð tilkynna yður, að enda þótt verðið hafi verið sett svo sanngjarnt sem jeg sá mjer fært, þegar miðað er við að vörurnar eru teknar út í smáskömtum, þá vil jeg samt sem áður ekki láta þetta valda ágreiningi og hef ákveðið að fara verðið niður samkvæmt því sem nefndin fer framá:

Bankabygg	9 aura	pr ℔
Rúgbrauð	44 –„–	
Steinolía	14 –„–	pr pt.

og ~~skoða~~ jeg þarmeð samninginn fullgjörðan fyrir næsta ár.

Virðingarfyllst

Hans Petersen

Til

herra assessors Kristjáns Jónssonar

formanns fátækranefndar Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Sendur 11/1. 06.

Háttvirta fátækranefnd Reykjavíkur

Jeg undirritaður, neyðist hjermeð til að biðja um styrk, til að borga með læknishjálp og sjúkrahús-veru drengsins Júlíusar Ágúst, eptir því sem meðfylgjandi reikningar vísa til.

Bergstaðastræti 50 R.vík
4. janúar 1906

Hallgrímur Sveinbjörnsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

BÆJARFÓGETINN Í REYKJAVÍK

Reykjavík 5. d. janúar mán. 1906

Eptir beiðni hinnar heiðruðu fátækra-
nefndar hef jeg grennslast eptir,
hvar Magnús Hannesson úrsmiður,
sem fjekk hjer í bænum 11. júlí 1904,
hafi þá verið sveitlægur, og komist
að þeirri niðurstöðu að hann hafi
átt óslitna dvöl hjer frá 1892, er
hann fluttist hingað fyrst, og þangað
til hann dó. Haustið 1902 í september
mánuði eignaðist hann Hvítanes
(ekki Ós) í Skilmannahreppi og

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

muni hafa sett þar upp bú í næstu fardögum, en flutti þangað aldrei með fjölskyldu sína, að því er mjer er skýrt frá, og þó hann hefði flutt sig að Hvítanesi, var það áreiðanlega ekki fyr en vorið 1903, en þá var hann orðinn hjer sveitlægur.–

Halldór Daníelsson

Til
Fátækranefndar Reykjavíkur.–

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

14 ára.

fundur 11/1 06.

Þar sem stúlku barnið Kristjana Olavía Sigurrós Tómasdóttir. var af móður hennar Margrjeti Oddsdóttur (fyr. Hallskoti við Reykjavík) komið fyrir hjá mér, með þeim ummælum að meðlag með henni að sínum parti yrði greitt mjer úr bæjarsjóði Reykjavíkur frá þeim tíma að barna-skólinn byrjaði hér. og stúlkan væri komin í hann, þar sem jeg nú ekkert hef-fengið með henni til þessa dags. þá leifi jeg mér virðingarfyllst að fara fram á það við hina háttvirtu fátækranefnd Reykjavíkur að henni mætti þóknast að hlutast til um að mér yrði veitt meðlag með ofanngreindu stúlku barni Kristjönu Olavíu Sigurrós Tómasdóttir frá 1 Október f.á. Þess skal hér getið að telpan er komin á þann aldur að hún á að fermast á næstkomandi vori. og veit jeg að hinni háttvirtu nefnd er það ljóst að komfermatsjónin hefur mikinn-kosnað í för með sjer hvað fatnað og

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

annað fleira snertir;

Reykjavík 10 janúar 1906

virðingarfylst

Tómar Gunnarsson

Til

Fátækranefndar Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundur 4/1. 06. –

Reykjavík
18 des 1905

11 ára gl.

Jeg undirskrifadur leyfi mjer virdingarfyllst ad bidja hina háttvirtu fátækrastjórn Reykjavíkur ad sjá um ad jeg geti fengid medlag med drengnum Hirti Tómássini sem búin er ad vera hjá mjer í 7 mánudi 31. desember (eda nú til næstu áramóta). Pared módir hanns skildi hann eptir illa til reika og þuirar kladdansamn, sje jeg mjer ekki fært ad geta haft hann án medgjafar, jeg tók hann líka í þeirri von ad þad yrdi gefid med honum eins til mín, og hún var líka vön ad fá med honum alltaf ádur og sagdi ad jeg þirfti ekki annad en ad ganga eptir því. Eins og hinni háttvirtu nefnd mun kunnugt fór módir drengsins Margrjet til Ameríku fyrir tæpum 7 mánudum og skildi hann eptir í reidileisi, og hef jeg engin not getad haft af honum sídan jeg tók hann þó hann sje á 12 ári. Þad minsta sem jeg get stungid uppá ad fá med honum er 7 krónur um mánudinn (til vorsins) frá því jeg tók hann því föt og annad hefur mig kostad mikid frá því jeg tók hann.

Virdingarfyllst.

Eiþór Oddsson

Til
fátækrastjórnarinnar í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

BÆJARFÓGETINN Í REYKJAVÍK

Reykjavík 5.d. januar 1906.

Af styrk og útfararkostnaði, greiddum úr fátækrasjóði síðastliðið ár fyrir önnur sveitafjelög hafa eptirtaldar upphæðir verið endurgreiddar:

+1. Einar Jónsson, Þverárhlíðarhreppur, útfararkostnaður Kr. 33 "

×2. Jón Eyjólfsson, Ytri Akraneshr. styrkur " 40 "

×3. Jóhannes Benediktsson, Bessast.hr. — " — " 50 "

+4. Þorsteinn Þorbergsson, Rangárvallahr. — " — " 20 "

+5. Magnús Dalhoffsson, Neshr. ytri — " — " 25 "

+6. Haraldur Helgason, Reyðarfj.hr. — " — " 40.50

+7. Þórður Bjarnason, Ytri Akraneshr. — " — " 40 "

+8. Guðsteinn Einarsson, Þingvallahr — " — " 40 "

+9. Borghildur Þorsteinsdóttir, Ölfushreppi Legu- og útfararkostnaður " 126 "

+10. Guðlaug Guðmundsdóttir, Rosmhvalaneshreppi, styrkur " 110 "

NB: +11. Guðríður Árnadóttir, Sandvíkurhreppi Styrkur —— " 10 "

~~einnig~~ borgað af G.A. sjálfri

Þetta er hjermeð tjáð hinni heiðruðu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fátækranefnd. —

Halldór Daníelsson.

Til
Fátækranefndar Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Viðskiptareikningur
Vilborgar Rögnvaldsdóttur Sólheimum
við bæjarsjóð

Tekjur

Uppboðsandvirði 18/12 1903 fyrir Sólheima Kr. 1770.00
Vextir 4% af Kr. 695.29 " " 30.00

Samtals Kr. 1800.00

Gjöld

Skuld til veðdeildarinnar			Kr. 776.00
— " Gunnars Gunnarssonar kaupm.			" 298.71
Greitt Vilborgu 1903	— Kr. 50.00		
1904	— " 199.52		
1905	— " 224.00		
1906	— 15.00		Kr. 728.52
Húsaleiga 2 ár á 120 Kr.	— ~~240.00~~		
		Samtals Kr.	1803.23
		Skuld	Kr. 3.23

Bæjarfógetinn í Reykjavík 8. jan. 1906.

Halldór Daníelsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

BÆJARFÓGETINN Í REYKJAVÍK

Reykjavík 15. d. Janúar mán. 1906.

Þegar eptir að sjúklingurinn Jón Theodór Jósefsson komst á fátækraframfæri, grennslaðist jeg eptir sveitfesti hans og varð niðurstaðan sú, að hann ætti hjer framfærslurjett. Samkvæmt manntalsbókum prestakallsins, er Jón skrifaður til heimilis hjer í bænum 10 ár samfleytt eptir 16 ára aldur áður en hann þáði hjer fátækrastyrk, og þetta kemur heim við

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

skýrslu móður hans Guðrúnar Guðmundsdóttir.

Það leyfi jeg mjer að tilkynna hinni heiðr. fátækranefnd til andsvara brjefi hennar, dags. 5. þ. m. —

Halldór Daníelsson.

Til
Fátækranefndar Reykjavíkur. —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Sendur 14/12.05. frestað
Samúel
sendur aptur 11/1.06.

Eg undirritaður Jónas Árnason leifi mér hérmeð að leita samþykkis heiðraðrar fátækranefndar um að ég megi taka mér heimilisfestu hér í bænum, sem tómthúsmaður.

Það skal hér tekið fram, að ég hefi aldrei verið styrkþegi af fátækra fé, og ennfremur, að ég nú hefi í höndum sem eiginlega þá fjár-upphæð sem sett er að skilyrði fyrir tómthúsmensku leifi.

Virðingarfylst

Reykjavík 23. nóv. 1905.

Jónas Árnason
(Laugaveg)

Við undirritaðir, sem um

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

nokkurn undanfarin tíma höfum
haft náin kynni af ofanrituðum
Jónasi Árnasyni, vottum hér-
með, að hann nú er ráðdeildar
og reglumaður, duglegur og ástund-
samur, og að eignir hans fullnægja
til þess að honum verði veitt bæjar-
leifi. Yfir höfuð gefum við honum
aldar bestu meðmæli.

Rvík 23. nov. 1904

Stefán Daníelsson skipstjóri
Guðjón Gíslason skósmiður

Til
Fátækranefndarinnar
í
Reykjavík

Fundur 25/1. ok. –
Sbr. Kr. Sam: s.d.

Hjer með vil eg Vyrðingarfyllst færa til umtals við hina Heyðruðu Fátækranefnd um meðlag með barni konu minnar Karli Kristjáni Nielsen barn þettað er fædt 10 Júni 1895 og var þá leytað til Fátækranefndar að fá meðlag með barninu að Föðursins hálfu, og samþykkti þá nefndin að meðlagið 40 krónur árlega væri greidt með því, og þar Marteinn Finnbogason bróðir konu minnar gekkst fyrir þessu var honum greidt það í 2 ár, til 1897. En þar eg giftist systir Marteinz þá gekk hann ekki eptir meðlaginu Eptir það og sydan hefur ekkjert meðlag verið afhent hvorki til hans eða min með þessu barni, –

Nú er það fyrst spurning min hvort mjer beri ekki [illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sydan Marteinn veitti því vidtöku
til þessa tíma og svo framvegis, því
mjer í fáfrædi minni skylst ekki betur
ad þar Fátækranefndin einusinni
samþykkti ad þettad medlag ætti ad
greidast med barninu þá mundi það
Ekki geta breittst þó eg giptist módur
þess og þegar eg komst ad þeirri nidur
stöd ad það væri inni standandi hjá
Fátækrasjódnum og Ekki skrifad til
min eda Marteins þá dirfdist eg til
ad vekja til máls á því hver nidur-
stadan yrdi

Vil eg því vinsamlega bidja
nefndina ad gjefa mjer svar til
baka vid fyrsta tækifæri, henni
er vel kunnugt um hagi mína
og þarf varla ad fara ad skíra
neyt frá þeim En von mín og
ósk ad eg megi fá áfallid medlag
med barninu og eins framhaldid

Virdingarfyllst
Laugaveg 37 24 Januar 1906

Kristján Sæmundsson

Til
Fátækranefndar Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fundur 25/1. 06.
sv. P. H. 25/1. 06.

Hjermeð leyfi jeg mjer virðingarfyllst, að skýra hinni heiðruðu fátækranefnd frá að dóttir Stefáns Hannessonar á Grímsstaðaholti, áður í Sandvík, og konu hans Guðrúnar Mattíasdóttur, var hjá mjer vikatelpa (13 ára að aldri), en nú 6. janúar veiktist hún, og þar af leiddi, að eptir læknisráði var hún lögð á St. Jósefsspítala hjer í bænum, og liggur þar ennþá.

Jeg verð því að biðja hina heiðruðu nefnd að sjá um að kostnaður sá, sem ~~af~~ lega telpunnar hefur í för með sjer, verði borgaður, þar sem jeg finn ekki skyldu mína að borga nefndan kostnað, þótt jeg hafi sem húsbóndi ábyrgst legu hennar.

Reykjavík 25. janúar 1906.
Virðingarfyllst.
Pjetur Hjaltested.
Cand. phil. —

Til
fátækranefndarinnar. —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fundur 8/2. '06.

Hér með dyrfist jeg undirskrifaður, að fara þess á leit við hina heiðruðu Fátækranefnd Reykjavíkur, að hún vilji lofa mér framvegis að halda þeim fátækrastyrk sem hún veitti mér á síðast liðnu hausti, en sem nú síðustu árin mát hefur verið aftur af mér tekinn, og þar sem jeg veit að nefndinni er um það kunnugt að hagur minn eða heilsa hefur að engu leiti batnað, þá vona jeg að hin heiðraða nefnd, taki þessa beiðni mína til greina

Reykjavík (Laugaveg 61) 8/2 – 1906
með virðing

Sigmundur Einirsson

Til Fátækra-nefndarinnar í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fund. 8/2.06.

Reykjavík 6/2 1906.

Hjer með fyr ég þess á leit, við hina háttvirtu Fátækranefnd Reykjavíkur, hvort hún vilji ekki leiga mjer eins og að undanförnu kálgarða á Litlabæarlóð, ef hún ekki ráðstafar henni uppá annan máta.

Rannveig Gissursdóttir
Hverfisgötu N. 13.

síðasti fundur 26/1. 1905.
R. G. 10 kr. Leiga. –

Til

Fátækranefndar Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jeg undirskrifuð viðurkenni hjermeð
að hr. assessor Kristján Jónsson hefur
gjört mjer full reikningsskil fyrir
sölu á eigu minni Kirkjubóli hvar hjermeð
kvittast fyrir

Reykjavík 8 Februar 1906

Sigríður Magnúsdóttir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jauder 8/2. '06.

Ásm. Ól. var talinn eiga heimili á Laugavegi 71. Kr. J.

Þar sem téður húsmaður Ásmundur Ólafsson tók leigt hjá mjer undir skrifuðum, frá 1. oktober sl. til 14 maí næstkom-andi kjallara pláss sem var um samið að hann borgaði fyrir 6 kr fyrir hvern mánuð, jeg krafði hann eða þau hjón um húsaleig-una, enn hann er ekki enn farin að borga neitt, Nú er hann búinn að liggja lengi veikur og svo síðar lagðist kona hans. og nú er búið að flytja þau bæði á Sjúkrahúsið samkvæmt ráðstöfun fátækra-nefn-dar Reykjavíkur.

Af þessum sögðu ástæðum, fátækt og vanheilsu Ásmundar og konu hans, er jeg neiddur til sem hús eigandi, að hjá ~~yðar~~ hinni hátt virtu fátækra nefnd Reykjavíkur Kaupstaðar það að jeg krefst þess

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að hún sjái mjer fyrir húsaleigu og borgi mjer frá þessum tíma (1. febrúar) til 14. maí n.k. 6 kr um mánuðin og verður það als 21 kr

Þar sem framan nefnd hjón eru bæjarins þurfamenn, lít jeg að snúa mjer til fátækranefndarinnar í þessu efni,

Svar viðvíkjandi þessu efni óska jeg að fá eptir næsta fátækrafund sent á heimili mitt sem er Vesturgata № 15.

Reykjavík 1. febr 1906
Virðingarfyllst.

Einar Jónsson

Til
fátækranefndar Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fund. 25/1. 06. – frestað. – Samúel.
fundur 8/2. 06. –

– – –

Með brjefi þessu tilkynni jeg hinni heiðruðu fátækrastjórn Reykjavíkur að jeg sje mjer ekki fært að halda ómaganum Diðrikku Hölter lengur en til 1. febrúar næstkomandi uppá þá meðgjöf sem jeg hefi haft: 10 kr um mánuðinn. Ef fátækrastjórnin óskar skal jeg halda hana til 14. maí n.k. verði mjer borgað með henni 50 aur. á dag.

Svar óskast sem fyrst þessu viðvíkjandi

Reykjavík, 24. janúar 1906

Ólafur Gunnlaugsson

Til

fátækrastjórnar

Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

24/2. '06. Dómkirkjuprestinum beðinn um vottorð. –

26/2. 06. Sent skírnarvottorð til Guðm. F. Jósíp.

Sljettu 6 febr. 1906.
Sljettuhreppi

Háttvirta fátækranefnd
í Reykjavík

Sökum þess að eg hugsa mjer að bakarinn Grímur Ólafsson og kona hans Stefanía Stefánsdóttir sjeu alls ekki af fátækra styrk hjá yður og hvort svo ~~er~~, vil eg biðja yður að gjöra mjer svo vel, að útvega mjer hjá fyrn. hjónum, skýrnarvottorð Geirs sonar þeirra, sem er 14 ára í vor í maí að hann segir.
„Sóknarpresturinn hjer segir að það standi dreingnum „ekkert fyrir fermingu annað en að hann vanti vottorð og vil jeg óska ~~að~~ þjer vilduð gjöra mjer þann greiða að útvega mjer fyrgreint skýrnarvottottorð og láta mig vita það sem fyrst.

Eg hefi spurt prófastinn á Ísafirði hvort hann væri fæddur þar, (drengur) og hefir hann gefið neitandi svar, og sagt mjer að hann væri fæddur fyrir sunnan að líkindum.
Samfara ofangreindum línum vil jeg láta yður vita að jeg álít mjer alls ekki til neins að skrifa þeim, því þau bera á mig ósannindi gagnvart veru drengsins, ~~sem~~ sem eg tók af þeim, eða þau lánuðu mjer um stuttan tíma, en þó tíminn yrði lengri; skulda jeg mig alls ekki fyrir því eg þikist ekki hafa gjört drengnum –

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

annað en það besta sem eg hugsa mjer að börn
þurfi með, skólaskýrslurnar bera það með sjer að
hann hefir verið hjer á barnaskólanum í 3 vetur með
þessum sem að þaug hafa engu endurgoldið nema
vanþökk, og gjört drengnum stórar árásir, fyrir það að
hann skuli ekki vilja fara frá mjer, en eg hef gefið drengnum
margsinnis leyfi mitt; til að fara, en hann segist ekki
fara til foreldra sinna, á meðan við rekkum sig ekki
út. Þau hafa fengið 2 menn á Ísafirði til að sækja
drenginn hingað norður til mín, sinn manninn í hvert
skipti; og hefir drengurinn ekki viljað fara í 3 skipti
fengu þaug, skipstjóra Jón Brynjólfsson á Ísafirði hann
kom í haust, og talaði mörgum fögrum orðum við hann
en hann vildi alls ekki fara. Þau skoða þetta allt að
þetta sje mjer að kenna sem að jeg get ekki fundið neina
skuld mína, og skrifuðu drengnum brjef fyrir jólin og
beiddu hann sjálfan að koma sjer frá mjer hvað sem eg
segði og það álít eg ekki ábyrgðarlaust af foreldrunum
að skrifa börnunum sínum margar kenningar sem stefna
frá því rjett eptir mínu áliti, ennfremur bera þaug
mjer það „að þaug segja, í brjefi sínu til hanns að þaug
„hætti að skrifa honum því eg taki brjefinn og segi –
„honum úr þeim, það sem mjer sýnist hvort það sje –
í þeim eða ekki þetta læt eg uppi við yður

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

háttvirta fátækra nefnd. ef vera kynni að þjer vilduð áminna þau um að þau gjaldi mjer ekki illt fyrir óþerþjent af framangreindum ástæðum vil eg ekki skrifa þeim um fyrgreint skýrnarvottorð, en sný mjer til yðar

Með vinsemd og virðingu
yðar.
Guðm. Jónas Jósefsson

Til

Fátækranefndarinnar
í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundur 22/2.'06. – Synjað.
tilk. Guðjóni Jónss. 26/2.'06.

Jeg undir skrifadur leyfi
mjer virdingar fylst ad fara
þess á leit vid hina hátt virtu
fátækra nefnd í Reykjavík
ad hún vildi veita mjer ad seturs
leyfi í Reykjavíkur kaupstad
frá næstu far dögum 1906 ad-
telja

Jeg sótti um sams konar leyfi
þegar jeg var til heimilis á
Grímsstada holti vid Reykjavík
árid 1903 en gat ekki fengid eda
mjer ekki veitt leyfi

(ógiftur)

Fólk mitt er 3 börn og 1 kvenn
madur jeg veit ad nokkrir af
heidrudum nefndar mönnum
þekkja mig ad þiklu leyti
persónu lega og því þykist
jeg ekki þurfa annad ad fara
til þess ad leyfa [illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

enda líka eru til hátt virtir menn
í Reykja vík sem gjör þekkja mig
frá Barndómi enn hvað við
kemur Efna hag mínum þá
er um hann það sannasta að
segja að hann gildir ekki 400
krónur

Enn jeg treisti ydur samt sem
áður heidr aða nefnd að hlutast
sam eigin lega um það að mér
verði veitt leyfið
og jeg verði látinn vita sem
allra fyrst með línu og ~~Skr~~
skrifa utan á til mín í Gunnars
húsi í Hafnar firði

Hafnar firði 11 Febrúar 1906

Virdingar fílst
Guðjón Jónsson

Til
hát[t]kra nefndar innar í
Reykjavík

Í Gunnarshúsi;

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fundi 22/2. '06. – synjað.

skr. Eg. Magn. 26/2. '06.

Hérmeð leyfi eg undirskrifaður mér virðingarfyllst að beiðast þess, að mér verði veitt leyfi til að setjast að í Reykjavík. Um sjálfan mig vil eg af eðlilegum ástæðum sem fleirum öðrum fara, en leyfi mér í því efni að skírskota til meðfylgjandi vottorðs. Einungis skal eg taka það fram, að eg er einhleypur maður, heilsugóður og vanur allri algengri vinnu, ekki hneigður til drykkjuskapar eða annarar óreglu. Að því er efni snertir, þá fullyrði eg það, að eg á jafnmikið til og vant er að gera að skilyrði við veitingu borgarleyfis.

Væntanlegt svar uppá þessa beiðni mína óska eg að sent verði hr. Eiríki Filippussyni í Njálsgötu 21.

Virðingarfyllst

Reykjavík 19. febr. 1906.

Egill Magnússon.

Til

Bæjarstjórnarinnar í Reykjavík. —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Kjøbenhavns Magistrats

3die Afdeling.

Svarað 22/2 -'06.
Innkomið.
22/2 .'06. Sm. Magistratsins

Skrivelser og Postanvisninger m. m. denne Sag vedrørende, bedes velvilligst betegnede med A. 25 3/06.

Den 13e Januar 1906.
K.

Den 2' do. afleverede Politiet Letmatros Björn Grimsson, født den 11e December 1871 i Reykiavik, til det herværende Fattigvæsen, og da han befandtes trængende, blev han indlagt i Arb. Anst. p. Ladegaarden, hvorfra han imidlertid dimitteredes d. 6' do. for at afrejse til Reykiavik m. Dampskibet "Kong Inge", ombord paa hvilket han tiltraadte en Tjeneste.

Da han efter vedlagte Afhøring (med Bilag) maa anses hjemmehørende i Reykiavik,

skulde Magistraten tjenstligst forespørge, om den ærede Kommission erkjender hans Forsørgelsesret, hvorefter man forbeholder sig nærmere at fremsende Regning over de med hans Underhold forbundne Omkostninger. ~~samt at hjemsende ________, saafremt ________ ikke inden en passende Erist skaffer sig Erhverv~~.

H. Jacobi.

Ancker
Exp.

Til

Fattigkommissionen
i Reykiavik.

(e)

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

a 25 3/06

Afhøring №

Afdl. Sag № Stp. G. 1/06

Fabrik № 975.

Udenbys.

Afhøring

over

en Person, indlagt i Kjøbenhavns Tvangs- og Arbejdsanstalt.

1.	Fulde Navn og Stilling.	1. Bjørn Grimsson, Letmatros.
2.	Fødedatum.	2. 11' December 1871.
3.	Fødested, virkelige eller antagne, eventuelt om det sidste er noteret. Hvis Paagjældende er født i Udlandet, om han har erhvervet Indfødsret.	3. Hala i Reykjavik By paa Island.
4.	Om Trosbekjendelse.	4. Lutheraner.
5.	Arbejdsførlighed og Helbredstilstand.	5. God.
6.	Om Paagjældende er ugift, gift, Enkemand, Enke, separeret eller fraskilt Mand eller Kone, samt, hvis Forsørgelsesretten afhænger af en Anden, tillige dennes fulde Navn og Stilling.	6. Ugift.
7.	Om Vedkommende har Familie, og af hvem denne bestaar (naar og hvor ægteviet, Børnenes Fødested, Bidragspligt m. m.)	7. Nej.

S. P. 1906 Nr. 741.

(K)

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

8. Om Vedkommende selv tidligere har nydt nogensomhelst Understøttelse af Fattigvæsenet, og da naar sidst, hvor og til hvilken Tid; herunder ogsaa, om der er ydet den Paagjældende Fattighjælp til saadanne Personer (Hustru, ægte og uægte Børn, Adoptiv- eller Stedbørn), overfor hvilke der paahviler ham Forsørgelsespligt.	8. Nej.
9. Om Vedkommende har Pension, Legater eller anden lignende Indtægtskilde, fast Ejendom, noget indestaaende i Sparekasse, Værdipapirer, udestaaende Fordringer eller Arv i Vente m. m.	9. Nej.
10. Om Vedkommende ejer Klæder eller andre Effekter, og hvor disse ere.	10. Gangklæder her.
11. Om og naar Vedkommende har været i Militærtjeneste.	11. Nej.
12. Om Vedkommende er straffet og da naar, hvor og hvormed.	12. Nej.
13. Naar Vedkommende sidst er ankommen hertil Staden.	13. 20'December 1905 paa Rejse fra Reykjavik over Hamborg hertil Staden.
14. Indlæggelsesmaaden og Aarsagen til Trangen.	14. Afleveret af Politiet til Magistraten som blottet for Erhverv og Subsistensmidler.
15. Indlæggelsesdagen.	15. 2'Januar 1906.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

16. Om Forsørgelsesretten.

16. Han forklarer, at han er Søn af Snedker Grims Gudnasonar og Hustru Elim, født Bjørksdottir. Faderen, der er født paa Island, bor i Reykjavik, Vestergade 25. Om Moderen lever véd han ikke. Naar og hvor Forældrene ere viede, véd han ikke.

Indtil sit 20 Aar var han i Hjemmet i Reykjavik og tog derpaa paa Fiskeri under Island, og dette har han vedblevet med i de følgende Aar saaledes, at han har fisket om Sommeren, og om Vinteren opholdt sig hjemme. I 1904 har han væsenligst sejlet i Langfart paa Spanien og Italien. Den 3' November f.A. blev han i Reykjavik paamønstret Dampskibet „Skalholt" af Kjøbenhavn paa Rejse til Hamborg og derefter her til Byen, hvor han blev afmønstret den 20' December. Siden den Tid har han boet i Sømandshjemmet paa St. Annæplads, indtil han den 30' f.M. som erhvervsløs meldte sig til Politiet.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Antages i Henhold til Foranstaaende forsørgelsesberettiget i

R E Y K J A V I K .

Vedlagte Legitimationspapirer Koppe-& Konfirmationsattest.

Kjøbenhavns Tvangs- og Arbejdsanstalt d. 3' Januar 1906.

Ovenstaaende Forklaring har jeg afgivet efter bedste Vidende.

Kjøbenhavns Tvangs- og Arbejdsanstalt d. 3' Januar 1906.

Björn Grimsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

a 25 3/06

Björn Grímsson.

sonur Gríms Guðnasonar í Skálholti, er fermdur í dag 30. Mai 1886 af undirskrifuðum dómkirkjupresti.
Hann er fæddur 11. Desember 1871 að Hala hér í bæ, og bólusettur 19. Mai 1875.

Hallgrímur Sveinsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

a 25 3/06

Chr. R. IX.

Kúabólu-setningar-attest.

Björn Grímsson

fæddur á Reikjavik og núverandi á Reikjavik
3½ ára gamall (~~gömul~~) er af mèr undirskrifuðum kúabólu-settur árið 1875 þann 19 mai Með nákvæmri ransókn, er skeði millum þess 7da og 9da dags, hefi eg fundið öll merki til, að þetta væru þær rèttu kúabólur, því þær vóru heilar og óskaddaðar, uppfylltar tærum vessa, höfðu laut í miðju og vóru umgirtar rauðum hríng, hvað hèrmeð uppá æru og samvitsku vottast.

Reikjavik þann 11 júní árið 1875 af

Ó Hafsteini

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Kjøbenhavns Magistrats

3die Afdeling.

Den 26de Marts 1906.

Postdistrikt B.

Fundur 24/4. 06.

Skrivelser og Postanvisninger m. m., denne Sag vedrørende, bedes velvilligst betegnede med A. 253/06.

28/4. 06.

Reikn. sendur bæjarfógeta til innkomu.

For Letmatros Björn Grimssons Underhold i Arbejdsanstalten paa Ladegaarden d. 2.–6. Januar d. A., da han dimitteredes,

fremsendes hoslagte Regning til Beløb 3 Kr. –– Øre med tjenstligst Anmodning om, at Beløbet maa blive indbetalt til Magistratens 3die Afdeling i Henhold til den ærede Kommissions Skrivelse af 22. f.M.

H. Jacobi.

Nikasen

Exp.

(Einholt ???)

Til

Fattigkommissionen

i Reykjavik.

(E)

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundur 8/3. 06.

Það er hér með beiðni mín, til hinnar heiðruðu Fátækranefndar í Reykjavík, að tillag það, með föður mínum. Sigurði Bjömssini, sem eru-tíu krónur á mánuði, verði, með samþikt hinnar heiðruðu nefndar, hækkað um -5-kr - fimm krónur á mánuði, talið frá 1. þ. m.

Ástæðan fyrir þessari beiðni minni, er sú, að hann (-faðir minn-), er búinn að liggja í rúminu þvínær mánuð, máttlaus, svo að hann getur alls ekkert hjálpað sjálfum sér, og því miður litlar líkur til þess, að honum batni sú veiki;- svo gömlum manni.

Af þessari ástæðu eru kringumstæður mínar miklum mun erfiðari enn áður, þar sem að eg verð að vera yfir honum, og annast þarfir hans að öllu leiti. Eg treisti hinni heiðruðu ~~nefnd~~ Fátækranefnd svo vel, að hún taki til greina, þessa beiðni mína.

Rvík 5. marz 1906

Virðingarfillst

Guðfinna Sigurðardóttir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til

Fátækranefndarinnar í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fundur 8/3. 1906.

= Skr. bæjarfógeta skrifleg[a] 9/3. 06. fylgiskj. öll endursend.

BÆJARFÓGETINN Í REYKJAVÍK

Reykjavík 24. d. februar 1906.

Medt. 24/2. 06.

Um medfylgjandi kærumál frá Sigfúsi Jónssyni, út af því að honum hafi verið synjað um tómthúsmennskuleyfi hjer í bænum, vil jeg hjermeð eptir fyrirmælum stjórnarráðsins beiðast álits hinnar heiðr. fátækranefndar.

Fylgiskjölin, 9 að tölu óskast endursend með svarinu. —

Halldór Daníelsson.

Til
Fátækranefndarinnar
í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundur 22/3 - ók.

Sökum þess að sjúklingurinn Salgerður. Gróa Guðmundsd. sem hjá mjer er þarfnast bæði með-ala og sjerstaklega fæðis þess sem nú er í svo háu verði hjer svo sem nýr fiskur nýtt kjöt og nóga nýmjólk. Eptir læknisráði (fyrir utan alla aðra aðhjúkrun) gjet jeg ekki ~~keyp~~ keypt það sem hún þarf til fullra nota fyrir það meðlag sem jeg hefi nú með henni sem er 6 kr um mánuðinn eða 20 aura á dag. Bið jeg því hina heiðruðu fátækra-nefnd bæarins svo vel gjöra að bæta við 4–6 kr svo jeg gjeti fremur keypt það nauðsynliga handa henni nú þegar í þessum mánuði. Virðingarfyll

Bókhlöðustíg 8. Reykjavík 13/3 1906

Jóhannes. Oddsson

Til
Fátækranefndarinnar
í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundur 22/3 - 06. —

Vegna þess að jeg nú er orðinn enn aumari af heilsuleysi og brjóstveiki en jeg áður hefi verið, svo að jeg alls ekkert get gert, og aðeins klæðst með mjög veikum burðum, get jeg ekki lengur framdregið líf mitt og hinnar gömlu bústýru, sem hjá mjer hefir verið — og nú er orðin hrum og þrotin að kröptum, — með þeim 10 kr mánaðarlega fátækrastyrk, sem jeg hingað til hefi, auk húsaleigu, fengið okkur til lífsframfæris, og því neyðist jeg til auðmjúklega að biðja hina háttvirtu fátækrastjórn að veita mjer framvegis frá byrjun næsta mánaðar 2 krónur í viðbót við lífsframfærisstyrk þann, sem jeg áður hefi fengið, svo að hann eptirleiðis verði 12 krónur á mánuði. Og ennfremur er jeg knúður til að biðja hina háttvirtu fátækrastjórn að bæta 1 kr við húsaleigustyrk þann (3 kr) sem jeg hingaðtil hefi fengið, framvegis frá 14. næstkomandi maí, því þá verðum við að flytja burtu þaðan, sem við nú erum, en getum nú hvergi fengið húsnæði fyrir minna en 4 krónur um mánuðinn.

Klapparstíg 22 (Bala) í Reykjavík, 21. Marz 1906.

Auðmjúklegast.

Samson Ingimundarson.

Til

fátækrastjórnarinnar í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Sunda 22/3. '06.

Eins og hinni háttvirtu fátækrastjórn er kunnugt, hefi jeg um undanfarin ár fengið mánaðarlega 5 kr. af fátækrasjóði í húsaleigustyrk; En af því að jeg verð að borga 10 kr. mánaðarlega fyrir húsnæði það, sem jeg nú hefi, og get ekki komizt af með minna húsrúm en það er, – fyrir mig, konu mína og þau 7 börn okkar, sem hjá okkur eru, og sem að frátekinni einni stúlku, sem er fermd, – öll eru ung og á ómagaaldri, og eitt þeirra heilsulaus aumingi, sem sem stöðugt verður að fá meðul og læknishjálp, – og jeg ekki get fengið viðunandi húsnæði fyrir minni leigu, þá er mjer sökum fátæktar minnar og ómegðarþyngsla ofvaxið að geta borgað frá sjálfum mjer þann hluta húsaleigunnar, sem er framyfir þær 5 kr. sem jeg mánaðarlega hefi fengið úr fátækrasjóði, og því leyfi jeg mjer auðmjúklega að biðja hina háttvirtu fátækrastjórn að veita mjer af fátækrasjóði frá byrjun þessa mánaðar 3 kr. mánaðarlega viðbót við þær 5 kr., sem jeg áður hefi fengið sem húsaleigustyrk, svo að styrkur sá sem jeg mánaðlega fæ framvegis verði 8 kr.
Vona jeg þá að jeg geti klofið fram úr að borga frá

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sjálfum mjer þær 2-3 krónur, sem þá vanta til þess að
húsnæði það, sem jeg hef og þarf að hafa, verði að fullu
mánaðarlega borgað; en meira get jeg af eigin ramleik
ekki borgað meðan fjölskylda mín og ómegð er svo mikil
og þung eins og hún nú er. — Dirfist jeg að vænta
þess að hin háttvirta fátækrastjórn verði vel við þessari
auðmjúku bón minni, svo jeg ekki þurfi að missa það
viðunanlega húsnæði, sem jeg nú hefi, og sem jeg álít
að sje sanngjarnlega leigt, og að eigi sje hægt að
fá viðunanlegt húsnæði, sem mjer nægi, fyrir minni
leigu.

Hverfisgötu 16 í Reykjavík, 14. marz 1906.

Auðmjúklegast.

Árni Árnason.

Til

fátækrastjórnarinnar í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fundur 22/3. 06. –

24/3. 06. – sv. bæjarfógeta. –

Bæjarfógetinn i Reykjavik

12. marz 1906

Stjórnarráðið hefur i brjefi dags. 5. þ.m. skrifað mjer á þessa leið :

"Í brjefi til amtmannsins yfir Suður- og Vesturamtinu dags. 18. april 1904, hafið þjer, herra bæjarfógeti, farið þess á leit, að ráðstafanir ~~voru~~ gjörðar til þess, að fátækrasjóður Reykjavikur fengi endurgoldinn styrk þann, til Hans Ludvig Henriksens, sjómanns af skipinu "Terrier" frá Haugesund, er getur um i hjálögðum reikningi, að upphæð 56 kr. 43 a.-

Eptir að stjórnarráðið fyrir milligöngu utanrikisstjórnarinnar hafði gjört viðeigandi ráðstafanir i þessa átt, hefur nú hingað borizt yfirlýsing hlutaðeigandi stjórnarvalda i Norvegi um það, að styrkur þessi fáizt ekki endurgoldinn.- "

Þetta tilkynnist fátækranefndinni hjer með.-

Páll Einarsson

settur

Til fátækranefndar Reykjavikur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fundur 22/3.'06.–

Hverfisgötu 19 20. Mars 1906

Herra fátækra fulltrúi!

Þar jeg veit ekki enn, hvort þjer hafið tekið það til greina, að jeg tilsagði, munnlega, fátækranefnd Reykjavíkur Einar Guðmundsson frá Töttum, sem hjá mjer hefur dvalið. Þess vegna leyfi jeg mjer hjermeð, að skora á fátækranefnd R.víkur, að láta tafarlaust hirða áðurnefndan Einar Guðmundsson af mínu heimili.

Ástæðan er sú, að hann hefur margsinnis sýnt sig óforskammaðan á mínu heimili og síðast í dag.

Margt af því fólki sem með honum er, afsegir að hafa hann á heimilinu.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þetta óska jeg að gangi tafarlaust fyrir sig. Því álíti jeg manninn ekki umminga, væri jeg búinn að afhenda hann lögreglunni.

Virðingarfyllst

J. Sigfússon

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundur 26/4. '06.
28/4. '06. Skr. Magn. Páll.

Eins og hinni háttvirtu fátækranefnd er kunnugt fór eiginkona mín, Sesselja Gísladóttir, til Ameríku síðastliðið sumar. Við höfðum nokkru áður tekið trú hinna síðustu daga heilögu. Þegar hún fór, skildi hún mig eftir alls lausan og því sem næst sjónlausan. Mjer fjell burtför hennar svo þungt, að jeg var naumast mönnum sinnandi, og gat ekkert aðhafzt í marga mánuði fyrir harmi og söknuði, og þykist jeg þó ekki vera neinn kveif að eðlisfari. En svo skrifuðumst við á, og er hún og fleiri þar vestra gáfu mjer vonir um, að jeg myndi, þrátt fyrir sjónleysið, ekki verða gerður afturreka, ef jeg kæmi til hennar, fór smám saman að bráa af mjer, og hefi jeg þess vegna verið allur annar maður síðari hluta vetrarins.

Nú hefi jeg fengið fullgild, skrifleg skírteini fyrir því, að tekið verði á móti mjer, ef jeg kemst til Ameríku, og með því að jeg er — eins og hinni háttvirtu fátækranefnd er kunnugt — allslaus maður — og ekki útlit fyrir annað, en að jeg hljóti að verða bænum til æ þyngri og þyngri byrði, ef jeg kemst ekki þangað — þá leyfi jeg mjer að fara þess á leit við hina háttvirtu fátækranefnd, að hún veiti mjer styrk til fararinnar. Reyndar hefir mjer verið sagt, að fátækrasjóðir mættu ekki, laganna vegna, senda menn til Ameríku á sinn kostnað. En hjer stendur einmitt sjerstaklega á, þar sem óskað er eftir komu minni þangað, og ábyrgst af [illegible],

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að tekið verði á móti mjer, og jeg ekki gerður afturreka. Og með því að hjer er líka um bersýnilegan sparnað að ræða fyrir bæinn, trúi jeg ekki öðru, en að hinna mætti eitthvert ráð til þess, að hægt yrði að veita mjer ferðastyrkinn, án þess slíkt þyrfti að koma í bága við lögin.

Mjer er skrifað, að jeg ætti helzt að koma með Kristinn litla, son minn, með mjer til Ameríku, og er sama máli að gegna með hann og mig, að hann er hjer og verður lengi enn á til byrði, en þar er beinlínis óskað eftir, að hann komi.

Jeg býst við, að við bátir komumst ekki af með minna, en kr. 250,00 í farareyrir, og treysti jeg því, að hin háttvirta fátækranefnd sjái mjer einhverja leið fæns, til þess, að veita mjer þessa upphæð.

Legg hjer með skírteini þau, er mjer voru send frá Ameríku, og áður eru nefnd — og er mjög áríðandi, að þau glatist ekki.

Óska, að mjer verði sem allra fyrst sent skriflegt svar, og að skírteinin verði mjer endursend með því.

Virðingarfyllst

Reykjavík, Austurstræti 7 B., 26. apríl 1906

Magnús Pálsson

Til

fátækranefndarinnar

í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Í sumar sem leið tók jeg fót af Bjarna Sig-mundssyni, þurfaling bæjarins, vegna gamallar átu, um mitt læri. Honum mundi vera stórmikill stuðningur og langvarandi að því að fá vel tilbúinn trjefót.

Reykjavík 25/4 06

G. Magnússon

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Afskrift.

Fru Emilie Lund
Rvik.

I Anledning af Deres Forespörgsel i Skrivelse af 26 ff. skal man meddele, at Samfundet er villigt til eventuelt at hjælpe den ommeldte 16årige Person ved gratis at forfærdige et Træben til ham. Forudsætningen herfor er dog, at det ved Attest fra Forsörgelseskommunen godtgöres at han (eller hans Forsörger [?], saafremt denne er i Live) ikke har nydt Fattighjælp – Sygehjælp undtagen – i de sidste 5 Aar, idet det i modsat Fald vil blive forlangt at Fattigvæsenet (eller andre) betaler det paagældende Beløb (antagelig c.a. 80 Kr.) Medens Samfundet ellers ikke kan indlade sig paa at antage nogen, uden at vedkommende möder her og tilses af Samfundets Læger, vil man i dette Tilfælde hvor Afstanden lægger saa store Hindringer i Vejen være villig til at söge at forfærdige Træbenet, naar nöjagtige af Lægen tagne Maal indsendes og der derhos medfölger en nöjagtig Gibsaf-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

stöbning af Stumpen. — Endvidere maa den paagældendes fulde Navn, Födselsaar og =dag, Bopæl og Forældres Navne opgives. Forsaavidt specielle Forhold vil være at iagttage, maa üdförlig Udtalelse fra Lægen medfölge.

Ærb.
for Bestyrelsen
(Sign.) E. Ohlik.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fundet 26/4. 06. –
28/4. 06. sm. Lund. –

Michael Lund.
Apotheker.

Reykjavik, d. 26 April 1906

Til
Fattigudvalget
Reykjavik.

Som Medlem af Selskabet, der antager sig Vanföre og Lemlastede, forespurgte min Hustru for nogen Tid siden nævnte Selskabs Bestyrelse, hvorvidt en ung Mand, Bjarni Sigurðsson, (Sön af Sigurður Eiríksson) her af Byen, hvis Ben blev amputeret ifjor, i Betragtning af, at han er blottet for alle Midler, vilde kunne opnaa at faa et kunstigt Ben gratis.

Som Svar modtog min Hustru fra Selskabets Formand et imödekommende Brev, hvoraf Kopi fölger, men, som det ærede Udvalg vil se, stiller den Bjarni Sigurðssons Forsörger ydede Fattighjælp sig hindrende ivejen for gratis Levering af det kunstige Ben.

Da man hverken paa bedre eller billigere Maade end hos nævnte Selskab kan fremskaffe et saadant kunstigt Lem, tillader vi os at henstille til det ærede Udvalg at bevilge de fornödne Penge (c 80 kr.) i Betragtning

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

af, at det unge Menneske derved ikke blot vil lide mindre under Trykket af sin Vanførhed, men tillige vil have Muligheden for at skabe sig en Eksistens.

Som Støtte for dette Andragende vedlægges en Attest fra Hr. Dr. Gudm. Magnusson, der behandlede Bjarni Sigurdsson.

Ærbødigst

Michael Lund

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur